

On Thu, Dec 5, 2019 at 12:25 PM Hildur B. <hildur@gmail.com<mailto:hildur@gmail.com>>>
wrote:

Kæra bæjarstjórn og fræðsluráð (í cc),

Þann 20. nóvember síðastliðinn samþykkti Fræðsluráð Hafnarfjarðar styttingu á viðveru leikskólabarna sem frá áramótum mun takmarkast við 8,5 klst. á dag.

Ég hef sent erindi og verið í sambandi við Fanneyju D. Halldórsdóttur sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs vegna þessa máls og tel að mínar athugasemdir eigi fullt erindi við ykkur öll. Í frétt á heimasíðu Hafnarfjarðar, dagsettri 21. nóvember, segir að þetta sé liður bæjarins í að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og að þessi ákvörðun eigi að „stuðla að betri líðan barna“. Það er frábært að Barnasáttmálinn sé í hávegum hafður og réttindi barna færð efst á forgangslistann.

En ég tel þessa ákvörðun síður en svo setja Hafnarfjörð í leiðandi sæti hvað varðar bætta heilsu og líðan barna. Ég tel hana skapa umhverfi sem veldur meiri streitu og óreiðu.

Í pósti frá Fanneyju segir hún að fyrir 4,93% barna séu keyptar 9+ klst. í vistun fyrir börn í leikskólum bæjarins en að eingöngu 2,21% barna nýti þann tíma. Þessi ákvörðun mun því ekki hafa merkjanleg áhrif á 95,07% barna, en það mun hins vegar hafa töluvert mikil áhrif á rútinu hinna 2,21%-4,93% barnanna og það má ekki gleyma að taka tillit til þess að á bakvið hverja tölu er barn og heil fjölskylda.

Stór hluti foreldra leikskólabarna starfar ekki í Hafnarfirði en þarf að skila af sér 8 klukkustundavinnudegi (og sumir 7 klst 51 mín frá áramótum). Það gefur fólki 30-39 mínútur til þess að keyra í og úr vinnu frá leikskólanum, eða 15-19,5 mín. hvora leið. Sá tími reynist mörgum ómögulegur.

Ég leyfi mér að halda að við verjum flest eins miklum tíma með börnunum okkar og við getum og efast á sama tíma um að þessi 2,21% barna séu höfð í leikskólanum í 9+ klst. „af því bara“ – en sé það reyndin er mögulegt að þeim líði betur í skólanum en heima. Að mínu mati er verið að setja þessar fjölskyldur sem kaupa 9+ klst. fyrir dagvistun út í jaðarinn, með því að setja þeim takmörk sem ekki ganga upp.

Þetta getur skapað umhverfi þar sem börn eru á miklu róti með því að fara í pössun eftir skóla og áður en þau fara heim, frekar en að fá að vera í sínu venjulega skólaumhverfi með tilheyrandi öryggi og venju. Þetta getur líka skapað aðstæður þar sem foreldrar eru frekar að vinna heima eftir að skóladegi lýkur, í stað þess að skilja vinnuna eftir í vinnunni. Hjá öðru fólki gæti þetta haft þær afleiðingar að þau hreinlega verði að skipta um vinnu þar sem sveigjanleiki er ekki til staðar. Þetta getur aukið mikið á streitu foreldra og fjölskyldna í heild, sem eru alltaf að reyna að gera sitt besta til að láta dagana ganga upp. Þetta getur sett fólk í óþægilega aðstöðu í vinnunni sinni, sem mögulega býður ekki upp á neitt svigrúm.

Fanney segir að hægt sé að sækja um undanþágur og að vel rökstuddu máli geti fjölskyldur óskað eftir lengri viðveru barna. Þetta hefur hvergi komið skýrt fram og ómögulegt að segja hvaða aðstæður eru taldar það vel rökstuddar að undanþága verði veitt og slíkar umsóknir geta líka sett fólk í mjög óþægilega stöðu.

Ef ég tek dæmi um mína fjölskyldu, þá hentar sveigjanlegur vistunartími fyrir okkar aðstæðum lang best sem er ástæðan fyrir því að við greiðum fyrir vistun allan daginn. Það getur muna 20-30 mínútum á því hvenær við mætum á morgnana og 30-60 mínútum á hvenær við getum sótt okkar stúlku. Nú erum við í mjög óþægilegri stöðu. Fanney segir fyrrgreindum pósti að „leikskólastjórar haf[j] heimild til að skoða einstaka tilfelli ef hnika þarf vistunartíma barns til vegna óviðráðanlegra aðstæðna“. En ég leyfi mér að efast um að okkar tilfelli verði álitnið svo alvarlegt að hægt verði að hnika eitthvað til varðandi tímamörk. Við höfum þó óskað eftir smá sveigjanleika hjá okkar leikskóla.

En þetta snýst ekki bara um mína fjölskyldu, þetta snýst um fjölskyldur 2,21-4,93% leikskólabarna bæjarins sem kjósa að greiða fyrir 9+ klst. fyrir vistun.

Fanney nefnir einnig í sínu svari að tveir starfshópar hafi komið að þessari ákvörðun og ítarleg könnun á raunýtingu verið gerð sem liggja að baki þessari ákvörðun. Í stað þess að líta á meðaltöl og almennar skoðanir tel ég að það eigi að ræða ítarlega við fjölskyldur þessara 4,93% barna og ástæður þess að þau kjósa að kaupa 9+ klst. í vistun fyrir barnið/börnin sín.

Eftir að rætt hefur verið við þessar fjölskyldur er svo hægt að sjá hvort bærinn geti með einhverju móti aðstoðað fjölskyldurnar þannig að vistunartími geti minnkað. Þó mín fjölskylda nýti sjaldan 9+ klst. í vistun fyrir okkar leikskólubarn, erum við tilbúin að greiða fyrir tímana fyrir sveigjanleika sem léttir okkur lífið mikið.

Ég tel þetta vera grafalvarlega þjónustuskerðingu að setja íbúum bæjarins þessa takmörkun. Mér finnst hugmyndin um að börn séu styttra í dagvistun frábær, en umhverfið og samfélagið sem við búum við í dag, veitir okkur öllum ekki tækifæri til þess. Fjölskyldur sem hafa tækifæri til þess að hafa börnin sín í styttri tíma í skólanum gera það sannarlega, eins og sést líklega á raunýtingu vistunartíma leikskólabarna bæjarins.

Hafnarfjörður á að vera bær þar sem öllum líður vel og allir geta látið dagana sína ganga upp, ekki bara 95,07% heldur 100%. Í bænum búa allskonar fjölskyldur, t.d. einstæðir foreldrar; fjölskyldur þar sem lítið svigrúm er til að skila vinnu af sér heima; fjölskyldur sem ekki eiga stuðningsnet sem geta sótt börn ef á þarf að halda o.s.frv.

Hafnarfjörður gæti t.d. verið leiðandi í því að innleiða styttri vinnuviku fyrir allt starfsfólk og gefa því þannig tækifæri á að verja meiri tíma með fjölskyldunni. Við eigum öll að geta látið dagana okkar ganga vel og þægilega upp.

Við eigum að skapa samfélag jöfnuðar, ekki takmarkana.

Ég vona að bæjarstjórn endurskoði þessa ákvörðun og láti þessi takmörk ekki standa, verum leiðandi bæjarfélag í að skapa samfélag þar sem öllum fjölskyldum líður vel.

Með virðingu og vinsemd,

Hildur Björk Pálsdóttir

Foreldri barns á leikskóla í Hafnarfirði